



Reykjavík, 23. janúar 2025
SFS25010095

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi breytingar á reglum um leikskólaþjónustu

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu:

Núgildandi gr. 1.a um innritun er svohljóðandi:

Reykjavíkurborg starfrækir leikskóla. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og eftir hverfum.

Umsókn um leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum rafræna skráningar- og upplýsingakerfið Völu – umsokn.vala.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum miðstöðvum borgarinnar og í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við 6 mánaða aldur og raðast þau á biðlista á þá leikskóla sem sótt er um eftir fæðingardegi og ári, elsta barnið fyrst.

Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir. Auk þessa starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla sem taka inn börn á aldrinum 12 til 24 mánaða.

Foreldrar skulu sækja um að lágmarki tvo leikskóla fyrir barn sitt þegar um nýja umsókn er að ræða. Þegar sótt er um flutning á milli leikskóla innan Reykjavíkur, er foreldrum heimilt að sækja um einn eða fleiri leikskóla.

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í allt að 30 daga á meðan unnið er úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla eins og þær standa á aðalinnritunardegi.

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst og á það við jafnt um almennar deildir og ungbarnadeildir. Þannig ganga börn sem innritast á ungbarnadeildir ekki framfar eldri börnum á almennum deildum sjá þó undantekningu í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Þá starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 3ja ára. Börn geta byrjað í þessum leikskólum allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau fari í annan leikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef foreldrar fá ekki úthlutað pláss fyrir barn sitt áður en það nær 24 mánaða aldri færast umsókn í annan leikskóla sem foreldrar hafa valið. Börn innritast í ungbarnaleikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmiðið 12 – 24 mánaða. Í upphafi þess árs sem börn í ungbarnaleikskólum verða þriggja ára er foreldrum þeirra skylt að sækja um flutning í aðra leikskóla fyrir komandi skólaár og fá foreldrar bréf með áminningu þess efnis. Flutningsumsóknir vegna þessara barna eru afgreiddar í almennri innritun leikskóla sem fer fram árlega á vorönn. Ef flutningur í annan leikskóla fyrir eldri börn nær ekki fram að ganga er boðin áframhaldandi dvöl á meðan beðið er eftir pláss.

Frá þessu er gerð sú undanþága að losni leikskólapláss á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars er heimilt, þrátt fyrir meginreglu 7. mgr. í grein 1a. um að kennitöluröð ráði innritun á leikskóla, að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á viðkomandi deild, að því tilskildu að eldri börn á biðlista viðkomandi leikskóla séu þegar með dagvistarúrræði í Reykjavík. Ef nýta á þessa heimild ber leikskólastjóra að sækja um leyfi til innritunar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Það sama gildir um sjálfstætt rekna leikskóla sem þó þurfa ekki að sækja um leyfi til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framfarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum. Það sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

Lagt er til að orðalag gr. 1.a verði með yfirheitinu *umsókn* og innritun og það verði svohljóðandi:

Í Reykjavík eru leikskólar sem eru reknir af Reykjavíkurborg og jafnframt eru þar leikskólar sem reknir eru af sjálfstætt starfandi leikskólum á grundvelli rekstrarleyfis og samnings um greiðslu framlags frá Reykjavíkurborg vegna barna með lögheimili í Reykjavík. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og [eftir hverfum](#).

Umsókn um alla leikskóla í Reykjavík, hvort sem um er að ræða leikskóla sem reknir eru af Reykjavíkurborg eða sjálfstætt starfandi leikskólum, fer fram í gegnum rafræna skráningar- og upplýsingakerfið Völu – umsokn.vala.is. Reykjavíkurborg nýtir framangreint kerfi til utanumhalds. Reykjavíkurborg og sjálfstætt starfandi leikskólar sem sótt er um fá allir aðgang að umsókn og upplýsingum sem þar koma fram.

Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum miðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Sækja má um *alla* leikskóla í Reykjavík frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn *birtast* á biðlista við 6 mánaða aldur og raðast þau á biðlista á þá leikskóla sem sótt er um eftir fæðingardegi og ári, elsta barnið fyrst.

Foreldrar þurfa að sækja um að lágmarki tvo leikskóla *en geta sótt um að hámarki sjö* fyrir barn sitt þegar um nýja umsókn er að ræða. Þegar sótt er um flutning á milli leikskóla innan Reykjavíkur, er foreldrum heimilt að sækja um einn eða fleiri leikskóla. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Miðað er við að *foreldrar barna* sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir og í *ungbarnaleikskólum* er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í allt að 30 *virka* daga á meðan unnið er úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla eins og þær standa á aðalinnritunardegi. *Ekki er unnt að gera breytingar á umsóknum á þessu tímabili. Sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla.*

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu á *þá leikskóla sem sótt er um*, þau elstu fyrst og á það við jafnt við um almennar deildir, *ungbarnadeildir og ungbarnaleikskóla*. Þannig ganga börn sem innritast á ungbarnadeildir ekki frammar eldri börnum á almennum deildum sjá þó undantekningu í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Þá starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 3ja ára *miðað við aldur barns þann 1. september ár hvert*. Börn geta byrjað í þessum leikskólum allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau fari í annan leikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef foreldrar fá ekki úthlutað pláss fyrir barn sitt áður en það nær 24 mánaða aldri færast umsókn í annan leikskóla sem foreldrar hafa valið. Börn innritast í ungbarnaleikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmiðið 12 – 24 mánaða *miðað við aldur barns þann 1. september ár hvert*. Í upphafi þess árs sem börn í ungbarnaleikskólum verða þriggja ára er foreldrum þeirra skylt að sækja um flutning í aðra leikskóla fyrir komandi skólaár og fá foreldrar bréf með áminningu þess efnis. Flutningsumsóknir vegna þessara barna eru afgreiddar í almennri innritun leikskóla sem fer fram árlega á vorönn. Ef flutningur í annan leikskóla fyrir eldri börn nær ekki fram að ganga er boðin áframhaldandi dvöl á meðan beðið er eftir pláss.

Frá þessu er gerð sú undanþága að losni leikskólapláss á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars er heimilt, þrátt fyrir meginreglu 7. mgr. í grein 1a. um að kennitöluröð ráði innritun á leikskóla, að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á

viðkomandi deild, að því tilskildu að eldri börn á biðlista viðkomandi leikskóla séu þegar með dagvistarúrræði í Reykjavík. Ef nýta á þessa heimild ber leikskólastjóra að sækja um leyfi til innritunar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Það sama gildir um sjálfstætt rekna leikskóla sem þó þurfa ekki að sækja um leyfi til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í *einum af þeim leikskólum sem foreldrar hafa valið*. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum. Það sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

Núgildandi 1. mgr. í gr. 1.b er svohljóðandi:

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30. Opnunartími skilgreindra leikskóla, einn til tveir í hverju hverfi er frá kl. 7:30 til 17:00. Dvalartími barna í báðum tilvikum getur verið mismunandi eftir dögum, frá fjórum til að hámarki níu klukkustundum daglega en þó að hámarki 42,5 klukkustundir innan vikunnar frá mánudegi til föstudags.

Ákvæðið var sett sem tilraunverkefni með gildistíma til 30. desember 2024. Lagt er til að gildistíminn verði framlengdur frá 1. janúar 2025 til 31. ágúst 2025.

Lagt er til að núgildandi 4. málsl. 1. mgr. gr. 1.c um innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla sem er svohljóðandi verði felldur út:

Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun og innheimtu leikskólagjalda.

Lagt er til að á eftir 1. mgr. í gr. 1.c komi svohljóðandi ákvæði í 2.-6. mgr. um innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla:

Reglur Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu gilda um sjálfstætt starfandi leikskóla ef það er sérstaklega tekið fram í reglum um leikskólaþjónustu og samningum við þá.

Umsókn um sjálfstætt starfandi leikskóla fer fram í gegnum rafræna skráningar- og upplýsingakerfið Völu, umsokn.vala.is, sem skóla- og frístundasvið leggur til, með sama hætti og umsókn um leikskóla Reykjavíkurborgar.

Sjálfstætt starfandi leikskólar nota því innritunarkerfi skóla- og frístundasviðs Völu leikskóla varðandi umsóknir, innritun og umsýslu biðlista, breytingar á dvalarsamningum og umsóknir um afslætti og fleiri atriði sem Vala heldur utan um og varða samskipti sjálfstætt starfandi leikskóla og skóla- og frístundasviðs.

Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun til samræmis við reglur um leikskólaþjónustu og samninga við þá.

Reykjavíkurborg og sjálfstætt starfandi leikskólar sem sótt er um fá allir aðgang að umsókn og upplýsingum sem þar koma fram. Með þessu móti fær Reykjavíkurborg meðal annars upplýsingar um hvort foreldrum hafi verið boðið pláss og hvort þau hafa þegið plássið.

Upplýsingar um sjálfstætt starfandi leikskóla og framlög til þeirra má sjá á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Í ljósi ofangreindra breytinga á gr. 1.c er lagt til að nógildandi 2. mgr. gr. 1. c verði því 7. mgr., 3. mgr. verði 8. og nógildandi 4. mgr. verði 9. mgr.

Nógildandi gr. 3 um flutning milli leikskóla er svohljóðandi:

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann á umsokn.vala.is. Þetta á einnig við um börn sem dvelja í sjálfstætt starfandi leikskólum og óska eftir flutningi í borgarrekinn leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst sbr. þó 7.mgr. í gr.1.a.

Lagt er til að gr. 3. um flutning milli leikskóla verði svohljóðandi:

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann á umsokn.vala.is. Þetta á einnig við um sjálfstætt starfandi leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst sbr. þó 7.mgr. í gr.1.a.

Nógildandi 1. og 2. mgr. gr. 4 um forgang að leikskóla er svohljóðandi:

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Til þess að sækja um forgang í leikskóla skrá foreldrar sig inn á Mínar síður á heimasíðu Reykjavíkurborgar með rafrænum skilríkjum. Þar er að finna umsókn um forgang í leikskóla. Það sama gildir fyrir sjálfstætt rekna leikskóla. Umsókn um forgang að leikskóla fellur niður þegar barn hefur hafið dvöl í leikskóla eða þegar 6 mánuðir eru liðnir frá því að umsókn var lögð fram hafi barn ekki hafið dvöl innan þess tíma. Sé óskað eftir áframhaldandi forgangi skal sækja um hann að nýju. Skóla- og frístundasvið metur hvort endurnýja þarf vottorð sem fylgdi fyrri umsókn.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Í mjög brýnum undantekningatilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Lagt er til að 1. og 2. mgr. gr. 4 um forgang að leikskóla verði svohljóðandi:

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Til þess að sækja um forgang í leikskóla skrá foreldrar sig inn á [Mínar síður](#) á heimasíðu Reykjavíkurborgar með rafrænum skilríkjum. Þar er að finna umsókn um forgang í leikskóla. Það sama gildir fyrir sjálfstætt rekna leikskóla. *Ekki er hægt að fá forgang vegna flutningsumsókna milli leikskóla.* Umsókn um forgang að leikskóla fellur niður þegar barn hefur hafið dvöl í leikskóla eða þegar 6 mánuðir eru liðnir frá því að umsókn var lögð fram hafi barn ekki hafið dvöl innan þess tíma. Sé óskað eftir áframhaldandi forgangi skal sækja um hann að nýju. Skóla- og frístundasvið metur hvort endurnýja þarf vottorð sem fylgdi fyrri umsókn.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst á *umsóknarleikskóla*. Í mjög brýnum undantekningatilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Nógildandi 1. og 3. mgr. gr. 5 um úthlutun leikskólapláss, dvalarsamningur og uppsögn er svohljóðandi:

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu ágúst - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólapláss fer einkum fram á

tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla og frístundasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Lagt er til að 1. og 3. mgr. gr. 5 um úthlutun leikskólaplássa, dvalarsamningur og uppsögn verði svohljóðandi:

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu ágúst - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássa fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið. *Sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.*

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli, *hvort sem um er að ræða leikskóla Reykjavíkurborgar eða sjálfstætt starfandi leikskóla* og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla- og frístundasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Núgildandi 10. mgr. gr. 6 um gjaldtöku er svohljóðandi:

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn á leikskóla.

Lagt er til að 10. mgr. gr. 6 um gjaldtöku verði svohljóðandi:

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn á leikskóla. *Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris er greiðir gjöldin.*

Núgildandi 1. mgr. gr. 6.c um afslátt vegna örorku er svohljóðandi:

Foreldri sem er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fær afslátt af námsgjaldi.

Lagt er til að 1. mgr. gr. 6.c um afslátt vegna örorku verði svohljóðandi:

Foreldri sem er 75% öryrki eða fær endurhæfingarlífeyri vegna óvinnufærni vegna sjúkdóma eða slysa fær afslátt af námsgjaldi.

Lagt er til að bæta við nýrri málsgrein í gr. 6.d sem kemur í kjölfar 1. mgr., þá í 2. mgr., hún er svohljóðandi:

Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri umsókn. Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.

Í ljósi ofangreindra breytinga á gr. 6.d er lagt til að nógildandi 2. mgr. gr. 6. d verði því 3. mgr., nógildandi 3. mgr. verði 4. mgr.

Breytingar taki gildi við samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Breytingar vegna sjálfstætt starfandi leikskóla

Samkvæmt 26. gr. laga um leikskóla nr. 80/2008 er sveitarstjórn heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla í sveitarfélaginu, *enda njóti viðkomandi leikskóli framlags úr sveitarsjóði*. Þessar reglur eru annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins.

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýrra samninga í samvinnu við fulltrúa Sjálfstæðra skóla – fjölbreytts samfélags skóla og er breytingum á reglunum ætlað að ná til þeirra atriða sem þörf er á að breyta.

Í tillögu að breytingu kemur nú meðal annars fram að umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi leikskóla fer fram í gegnum innritunarkerfi það sem Reykjavíkurborg notar sem nú er Vala leikskóli. Með því móti verður til sameiginleg sýn á biðlista allra leikskóla í Reykjavík.

Fjöldi leikskóla sem hægt er að sækja um

Lagt er til að fram komi í reglunum fjöldi leikskóla sem hægt er að sækja um að hámarki. Lagt er til að fjöldi leikskóla verði 7 en hann hefur verið 5 til nokkurs tíma. Rétt þykir að fjölga möguleikum þar sem sjálfstætt starfandi birtast nú á flettilista yfir umsóknarleikskóla í Völu innritunarkerfi. Fjöldi sjálfstætt starfandi leikskólar og 5 ára deilda sjálfstætt starfandi grunnskóla eru 19 og því fjölgar möguleikum fyrir foreldra. Því þykir rétt að fjölga hámarksfjölda leikskóla samhliða.

Viðmið um aldur barns 1. september

Rétt þykir að fram komi skýrlega að miðað er við aldur barns þann 1. september þegar kemur að úthlutun plássna.

Opnunartími leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. september 2021, í borgarráði þann 7. október 2021 og í borgarstjórn þann 19. október 2021 var samþykkt að gera breytingar á reglum um leikskólaþjónustu sem leiddu til þessa almennur opnunartími leikskóla fór úr 07:30 í 16:30 í stað þess að lokað yrði kl. 17:00. Lagt er til að tilraunaverkefnið verði framlengt til 31. ágúst 2025.

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna 2025 var tekin ákvörðun um að opnunartíminn yrði áfram sá sami, 07:30 til 16:30. Gögn varðandi breytinguna og framtíðarskipulag verða lögð fyrir skóla- og frístundaráð eins fljótt og verða má.

Þróunin hefur verið sú að af þeim leikskólum sem eru með skilgreindan opnunartíma til 17 er eingöngu einn opinn til 17 þar sem foreldrar eru almennt ekki að nýta þennan möguleika.

Forgangur

Í 4. gr. er lagt til fram komi að ekki sé unnt að fá forgang vegna flutningsumsókna. Forgangur að leikskóla er fyrst og fremst hugsaður fyrir þá sem ekki eru með leikskóla.

Systkinaafsláttur vegna barna í skiptri búsetu foreldra

Reglur Reykjavíkurborgar um systkinaafslátt gera ráð fyrir að öll börnin séu með sama lögheimili í þjóðskrá. Kerfi Reykjavíkurborgar (Völukerfin) sem halda utan um gjöld og afslætti eru útfærð með þeim hætti að systkinaafsláttur er veittur í þeim tilvikum þar sem systkini hafa sama lögheimili. Sama gildir um reglur um leikskólaþjónustu. Þrátt fyrir skýran vilja reyndist ekki unnt að gera breytingar á Völu leikskóla þannig að hægt yrði að veita afsláttinn án umsóknar foreldra systkina í skiptri búsetu og því þótti rétt til að tefja ekki málið að leggja til að foreldrum yrði gert kleift að sækja um afsláttinn.

Skóla- og frístundasvið sendi umsókn á Þjóðskrá Ísland til sérvinnslu til að finna út heildarfjölda systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu í dag og fjöldi systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu en ekki með sama lögheimili. Samkvæmt svari Þjóðskrár var heildarfjöldi systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu á þeim tíma 102 og fjöldi systkina á leik- og grunnskólaaldri í Reykjavík sem eru í skiptri búsetu en ekki með sama lögheimili 45. Þetta eru 29 systkinahópar. Í raun þarf að skoða aðstæður hvers nemanda fyrir sig, hvernig búsetu er fyrirkomið og hvaða þjónustu hann sækir og tengja það systkinum til að átta sig á fullkomlega á mögulegum viðbótarafslætti.

Að meðaltali eru 3,5 systkini í hverjum hóp (102/29=3,5). Ef gert er ráð fyrir að viðbótarafsláttur fyrir 45 systkini taki til 32 einstaklinga og miðum við viðbótarafslátt vegna átta klukkustunda vistun í leikskóla. Í slíku dæmi er áætlaður kostnaður eru 6,3 milljónir ($32 \times 17.832 \times 11 = 6.276.684$). Það eru margar forsendur sem þarf að gefa sér en miðað að uppgjafinn fjöldi sé réttur þá má gera ráð fyrir að kostnaður vegna breytingarinnar nemi 5 til 10 milljónir kr. á ársgrundvelli. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Aðrar breytingar skýra sig sjálfar

Gildistaka:

Lagt er til að breytingarnar taki gildi við samþykki borgarráðs.